

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. nóvember 2014

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008 (rafræn námsgögn o.fl.), þingskjal 243-214. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008 (rafræn námsgögn o.fl.). Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um gjaldtökuheimild vegna rafrænna námsgagna. Í almennum athugasemdum segir að með breytingunni sé leitast við að tryggja útgefendum rafræns námsefnis greiðslur frá notendum þess. Í frumvarpinu segir að vandséð sé hvort slíkur kostnaður fái greiddur með öðrum hætti en þeim að skólum verði veitt heimild til að krefja nemendur um greiðslur fyrir aðgang að rafrænu efni sem þeim er gert að nýta í námi.

Það er grundvallaratriði í stefnu BSRB í menntamálum að allir landsmenn eigi jafnan rétt til náms óháð efnahag. Jöfn tækifæri til menntunar eru hornsteinn hvers samfélags þar sem jöfnuður fólks er hafður að leiðarljósi. BSRB telur framangreinda gjaldtökuheimild framhaldsskóla ekki til samræmis við grundvallarhugmyndina um jafnan rétt allra til náms óháð efnahag.

BSRB telur rétt að benda sérstaklega á athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins. Þar er vakin athygli á 51. gr. laga nr. 92/2008 um að tilgreina skuli í fjárlögum ár hvert þá fjárhæð sem veitt skuli til að mæta kostnaði nemenda vegna námsgagna. Fram kemur að enn hafi engu fé verið úthlutað af fjárlögum í þessu skyni og hafi sá skilningur verið ríkjandi að nemendur greiði sjálfir fyrir námsefni sitt og sé varlegt að áætla að nemandi í fullu námi greiði 60-90 þús. kr. á skólaári fyrir námsefni.

BSRB telur brýnt að Alþingi framfylgi þeirri lagaskyldu sem kveðið er á um í 51. gr. laganna til að draga verulega úr kostnaði vegna náms í framhaldsskólum en sá kostnaður fyrir heimilin getur numið um 1,3-1,9 milljörðum á ári skv. upplýsingum í frumvarpinu. Þær fjárveitingar sem veittar verði á grundvelli 51. gr. verði m.a. nýttar til greiðslu kostnaðar vegna rafræns námsefnis. Þannig mætti ennfremur ná fram því markmiði að tryggja útgefendum rafræns námsefnis greiðslur fyrir það.

Fyrir hönd BSRB



Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri